

Mál nr. 20/2011

Ár 2012, þriðjudaginn 7. febrúar, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 20/2011

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 3. október 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði Y hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para rakkann XX við tíkina YY án þess að rakkinn hefði gilt augnvottorð. Kæran var send kærða Y til umsagnar með bréfi dagsettu 4. október 2011 og honum gefinn andmælafrestur til 1. nóvember. Ekkert svar barst innan tilskilins frests og var kærða Y sent ítrekunarbréf dagsett 10. nóvember og honum gefinn viðbótasvarfrestur í 7 daga eða til 17. nóvember sem svarað var með bréfi dagsettu 21. nóvember. Hinn 24. nóvember var kærða Y sent með ábyrgðarpósti boð á sáttafund sem haldinn skyldi 6. desember með deiluaðilum. Kærði Y mætti ekki á boðaðan sáttafund og þar eð siðanefnd taldi að öll gögn væru komin fram sem málið varðaði og ekki myndu nást sættir þá ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 17. apríl 2011 var rakkinn XX paraður við tíkina YY án þess að rakkinn hefði gilt augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu ensk cocker spaniel og er rakkinn í eigu kærða Y. Kærandi X telur að með pöruninni hafi kærði Y brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Andmæli dagsett 21. nóvember bárust siðanefnd þar sem fram kemur að rakkinn hafi ekki verið í umsjá eiganda síns þegar pörun fór fram heldur hafi hann verið í umsjá eiganda tíkarinnar sem hann var paraður við. Þá kemur einnig fram að ekki hafi verið ætlunin að para tíkina við XX, heldur rakkann XXX sem hafi haft tilskilin vottorð í lagi. Aðstæður hafi þó skapast þannig að tíkin hafi parast við XX og þar eð ekkert í sögu hans hafi gefið til kynna að neinir augnsjúkdómar hafi fundist í honum né forfeðrum hans þá ákvað ræktandi tíkarinnar að halda hvolpunum.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda segir um hundakynið ensk cocker spaniel:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.02.2000)”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað 17. apríl 2011 hafði rakkinn ekki gilt augnvottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu ensk cocker spaniel skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 18 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærði því gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Í andsvari kemur fram að kærði Y sem er eigandi rakkans hafi ekki haft umsjón með hundinum þegar pörun átti sér stað,

heldur ræktandi tíkarinnar. En á innsendu pörunarvottorði dags. 7. september 2011 er undirritun kærða Y sem eiganda undaneldishunds og má af því ráða að kærði Y hafi verið samþykkur pöruninni. Siðanefnd telur það heldur ekki leysa menn undan ábyrgð að hundar parist fyrir slysi.

Þar eð kærði Y hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotlegur við reglur félagsins þykir hæfileg refsing vera áminning.

IV. Niðurstaða

Kærði Y telst hafa gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærði er áminntur.

f.h siðanefndar

Sign:

Herdís Hallmarsdóttir, Hilmar Sigurgíslason, Kristín Sveinbjarnardóttir